



Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 92-13155.

Ársskýrsla 1995.

Mikið starf var að venju hjá Byggðasafni Suðurnesja á árinu 1995, en þetta var fyrsta heila árið sem forstöðumaður hefur unnið í fullu starfi við safnið.

Safnið hefur verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar., og að venju var það einnig haft opið á 17. júní.

Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Í þetta sinn var það dagana 5. til 9. maí. Einnig hafa margir aðrir hópar komið bæði eldri fermingahópar og úr ýmsum skólam. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað.

Auk hins venjulega reksturs, þ.e. að ganga frá munum, myndum og filmum til sýningar eða varanlegrar geymslu og skráningu þeirra, hefur safnið sett upp tvær sérsýningar.

Fyrri sýningin var í húsakynnum Bókasafns Keflavíkur að Hafnargötu 67, í tilefni 80 ára afmælis Keflavíkurkirkju, en þar var rakin saga kirkjulífs í Keflavík frá 1896 (saga eldri kirkjunnar sem fauk í ofsaroki 1902) til 1995, í máli og myndum, sýningin stóð í tvær vikur og voru sýningargestir talsvert á annað þúsund.

Seinni sýningin var haldir í húnæði Keflavíkurverktaka í Kjarna Hafnargötu 67, á skipslíkunum Gríms Karlssonar Ytri Njarðvík, og myndum og munum tengdum sjávarútvegi, auk nokkurra skipslíkana eftir aðra smiði. Þessi sýning stóð tímabilið 31. maí til 15. sept. og voru sýningargestir um 6.500.

Mikið hefur verið unnið við myndaskráningu í sérunnið myndaforrit á tölvu, og hafa verið skráðar með skýringum rúmlega 2.000 myndir auk annara margþættra starfa í þróngum og erfiðum húsakynnum.

Mikið af munum og myndum hefur borist til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Mikið magn bóka og skjala hafa borist til safnsins og eru varðveitt í herbergi í bankahólfí Íslandsbanka í Keflavík, það er allt skráð og er fjöldi titla þar nálagt 1900, þar af hafa 249 komið inn á árinu 1995, nú síðast komu fundargerðarbækur Góðtemplarareglunnar á Suðurnesjum, þær elstu byrja 1885. Einnig er þar mikið magn fréttamunda af Suðurnesjum á myndbandsspólum og nokkuð af segulbandsspólum. Þess má geta að geysilegt magn bóka og skjala er í misgóðum geymslum, bæði á bæjarskrifstofunum á Tjarnargötu, á Fitjum, í vörslu bæjarfógeta, fyrir utan allt það sem er hjá einstaklingum í allavega geymslum og öryggi.

Keflavík 5. janúar 1996,

Guðleifur Sigurjónsson.
forstöðumaður.